



Mosfellbær

b/t Haraldar Sverrissonar

Afrit á Arnar Jónsson staðgengil bæjarstjóra

Þverholti 2,
270 Mosfellbæ

Varðar: Endurskoðunarnefnd fyrir Mosfellsbæ – Ósk um mál á dagskrá næsta bæjarráðsfundar

Undanfarið hef ég farið yfir ófá atriði sem gera má athugasemd við varðandi bæði fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar og endurskoðun ásamt vissulega forsendum og áformum meirihluta bæjaryfirvalda varðandi framkvæmdir, viðhald og endurbætur í bæjarfélaginu.

Áður hef ég borið upp tillögur þessa efnis, í tengslum við umræðu um fjárhag Eignasjóðs, áætlanir og rekstur Mosfellsbæjar, þ.e. á fundi bæjarráðs nr. 1511 þann 11. nóvember 2021 þar sem skoðað yrði að setja endurskoðunarnefnd á laggirnar og máli undirbúið og nú síðast á bæjarstjórnarfundi nr. 794 þann 24. nóvember sl. Á fundi bæjarráðs nr. 1511 var tekin efnislega á tillögu um undirbúning og lögð verði vinna í að koma á laggirnar endurskoðunarnefnd. Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum, þ.e. 2 atkvæðum D-lista og einu atkvæðu L-lista. Málið var sett á dagskrá með viku fyrirvara og efnið, þ.e. tilurð endurskoðunarnefnda, hefur verið í umræðu í samfélaginu frá árinu 2004 og sett í lög á Íslandi sbr. lög 80/2008 um breytingu á lögum um ársreikninga. Því ætti þetta efni að vera öllum kunnugt sem taka á sig ábyrgðarstörf fyrir sveitarfélög á Íslandi.

Í ljósi þess að tillagan um undirbúning var felld í bæjarráði var ekki annað séð en að leggja ætti tillögu sem gengi lengra undir þessum sama lið sem tekin var aftur fyrir á bæjarstjórnarfundi nr. 798 þann 24. nóvember sl. enda var fyrri tillaga um undirbúning að því að setja á laggirnar endurskoðunarnefnd í Mosfellsbæ tekin efnislega fyrir í bæjarráði og ekkert að vanbúnaði að ganga lengra með tillögu um að endurskoðunarnefnd yrði sett á laggirnar svo uppfylla megi ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 ásamt síðari breytingum. Því var tekið vægast sagt illa í bæjarstjórn og þá sérstaklega af þeim sem setið höfðu bæjarráðsfundinn nr. 1511 og tóku efnislega ákvörðun um að fella tillögu til að undirbúa málið svo upplýsa mætti bæjarfulltrúa Mosfellsbæjar og aðra um eðli máls. Tillagan er eftirfarandi undir dl. 2.2. á fundi bæjarstjórnar nr. 794 þann 24. nóvember sl.:

Tillaga M-lista

Í samræmi við 1. mgr. 108. gr. a í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 leggur bæjarstjórn Mosfellsbæjar til að komið verði á laggirnar endurskoðunarnefnd fyrir bæjarfélagið í samræmi við framangreind lög.

Kom fram tillaga frá bæjarstjóra og oddvita D-lista þess efnis að vísa tillögunni frá án umræðu og féllu atkvæði með eftirfarandi hætti svo vitnað sé beint í fundargerð bæjarstjórnarfundarins:

Fram kom frávisunartillaga sem var samþykkt með átta atkvæðum gegn einu atkvæði fulltrúa M-lista.

Sökum þessa og í ljósi þess að mér sem bæjarfulltrúa er legið á hálsi að leggja fram tillögu í bæjarstjórn sem ætti ekki við dagskrárliðinn bókaði ég eftirfarandi:

Afstaða bæjarfulltrúa M-lista er að endurskoðunarnefndir eru mikilvægar og gegna þær því hlutverki að tryggja áreiðanleika og óhæði endurskoðunar. Eitt af meginmarkmiðum með starfsemi nefnda af þessum toga er að draga úr hættu á fjármálamisferli og efla traust á fjárhagsupplýsingum. Mosfellsbær er með útgefin skráð skuldabréf á markaði og sé horft til þess ber bæjarfélaginu skylda að hafa starfandi endurskoðunarnefnd sé litið til laga um ársreikning nr. 3/2006 ásamt síðari breytingum. Tilurð endurskoðunarnefnda felur í sér góða stjórnarhætti. Mosfellsbær fellur undir einingu tengda almannahagsmunum í skilningi framangreindra laga og engar undanþáguheimildir frá starfrækslu endurskoðunarnefndar eru fyrir sveitarfélög, sem eru með skráð skuldabréf á markaði, hvorki í íslenskum lögum né ESB-rétti. Því er mikilvægt að Mosfellsbær uppfylli þetta ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006.



Eftir að ég, sem bæjarfulltrúi Miðflokksins, lagði fram þessa bókun var kallað á fundarhlé þar sem oddviti D-lista og bæjarstjóri taldi þessa bókun ekki tæka. Umræður sköpuðust í fundarhléi um hvort bókun mín væri tæk og komu fram hugmyndir frá fulltrúum meirihlutans að rétt væri að taka ekki bókunina gilda og skorað á forseta bæjarstjórnar að hafna bókun minni. Í fundarhlé fór forseti afsíðis og ræddi efnislega við lögmann bæjarins um málið og niðurstaðan varð sú að bókunin mætti færast inn.

Bókanir D- og V-lista annars vegar sem og S-, C- og L-lista eru í engu í samræmi við fyrri afgreiðslu málsins þar sem felld var tillaga um að setja ætti á laggirnar undirbúningsnefnd með það að augnamiði að fara að lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og a.m.k. kanna hvort ekki væri rétt að setja á laggirnar endurskoðunarnefnd. Þar virðast allir þessir aðilar ekki taka skynsamlega á málum og bókar m.a. fulltrúi V-lista gegn sjálfum sér og sinni ákvörðun. Einnig virðast þessar bókanir V, D, S, C og L-lista vega að heiðri lögmanns bæjarins sem forseti ráðfærði sig við en bókaði engu að síður gegn. Spurningar vakna hvort þær bókanir hafi átt rétt á sér í ljósi þeirra staðlausu raka sem áður höfðu komið fram varðandi mína eigin bókun. Mín afstaða er reyndar sú að bókanir ættu að vera frjálssar hverjum þeim bæjarfulltrúa sem þær leggja fram. Hömlur gegn því eru hömlur á lýðræðislega umfjöllun, prent-, skoðunar- og tjáningarfrelsi og rétt kjörinna fulltrúa.

Í ræðu, sem haldin var undir framangreindum dagskrárlið 2.2. á bæjarstjórnarfundinum nr. 794 þann 24. nóvember sl. og í gögnum máls frá bæjarráðsfundinum 1511 undir sama máli þar, fór ég ítarlega yfir málefni sem gætu varðað efni sem bæði kjörnir fulltrúar og aðrir gætu leitað til endurskoðunarnefndar um væri hún til staðar, þ.e. óháð nefnd sem ótvírætt hefði stoð í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Það er miður að kjörnir fulltrúar D-, V-, L-, S- og C-lista hafi ekki séð þetta sambengi. Í ræðunni undir dagskrárlið 2.2. á bæjarstjórnarfundinum nr. 794 sagði ég m.a. og vísaði þá til laga nr. 3/2006 og spurði jafnframt spurningar:

Samkvæmt lögum á lögðili, með útgefin skuldabréf á markaði, að vera með starfandi endurskoðunarnefnd. Af hverju er ekki starfandi endurskoðunarnefnd í Mosfellsbæ?

Spurningunni virðist hafa verið reynt að svara í bókun V- og D-lista en þar segir m.a. og vitnað þar í endurskoðanda Mosfellsbæjar sem bæjarstjóri og oddviti D-lista sagðist hafa haft samband við símleiðis:

„Sveitarfélög ráða sína löggiltu endurskoðendur sem endurskoða reikninga bæjarins og skila sérstökum endurskoðunaráætlunum til bæjar/byggðaráða sem er grundvöllur endurskoðunarinnar. Það er álit endurskoðenda bæjarins að þetta sé hið eðlilega fyrirkomulag og er það stutt af álit Sambands íslenskra sveitarfélaga. Enda hefur engin athugasemd um stofnun sérstakrar endurskoðunarnefndar komið fram í almennri endurskoðun bæjarins eða sérstakri stjórnsýsluendurskoðun sem framkvæmd er á hverju ári“.

Samkvæmt mínum upplýsingum samræmist þetta ekki ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006 sem kalla eftir því að það skuli vera starfandi endurskoðunarnefnd hjá lögðilum sem eru með útgefin skuldabréf á markaði. Það á við um Mosfellsbæ og því vekur það undrun að bókunin sé með þessum hætti.

Með þessu erindi óska ég eftir því að fá mál á dagskrá næsta fundar bæjarráðs og að endurskoðandi sem og lögmaður Mosfellsbæjar verði vinsamlega kallaðir á fundinn til ráðgjafar. Óska ég eftir því að yfirskrift dagskrárliðarins sé: „Endurskoðunarnefnd sbr. lög um ársreikninga nr. 3/2006.“. Með þessu er leitast við að mæta þeim óskum sem aðrir bæjarfulltrúar hafa kallað eftir. Reikna má með að tillaga tengt efni málsins verði lögð fram að loknum umræðum.

Mun ég síðar leggja ýmis gögn undir málið því til stuðnings.

Mosfellsbæ 29. nóvember 2021

**Virðingarfyllt,
Sveinn Óskar Sigurðsson
Fulltrúi Miðflokksins í bæjarstjórn og
bæjarráði Mosfellsbæjar**